


um helgina



Einar Þór við tvö verka sinna.

Fyrsta sýning Einars Þórs Lárussonar:

OPNAR MEÐ SÖNG

Einar Þór Lárusson opnar í dag, laugardaginn 31. okt. sína fyrstu myndlistarsýningu hér á landi. Áður hefur hann sýnt tvívegis í Noregi á samsýningum. Einar Þór sýnir 20 myndverk, einkum tússmyndir, en einnig myndir unnar með blandaðri tækni.

Einar Þór Lárusson er 28 ára gamall, starfar sem verk-

smiðjustjóri við Lagmetisibju Suðurnesja og er hann niðursuðufræðingur að mennt, en hefur lagt mikla vinnu á undanförunum árum við myndlistina.

Sýning Einar Þórs er opin daglega frá 14–22 til 12. nóvember n.k.

Við opnun sýningarinnar kl. 14 mun listamaðurinn ásamt fjórum félögum sínum leika og syngja nokkur vísnalög.

Sýningu Kristjáns að ljúka

A sunnudagskvöldið lýkur yfirlitssýningu á verkum Kristjáns Davíðssonar í salarkynnum Listasafns Íslands. Sýningin gefur gott yfirlit yfir þróun listamannsins allt frá 16 ára aldri til dagsins í dag, og

þarna gefur að líta margar myndir sem ekki hafa komið fyrir almenningssjónir áður. Kristján Davíðsson flutti á sínum tíma áhrif bandaríks og fransks expressionisma til Íslands og er í þeim efnum brautryðjandi á bekk með þeim Svavari Guðnasyni og Jóni Engilberts.


Sýningin verður ekki framlengd.

Tónlistarfélagið:

Píanótónleikar Önnu Áslaugar

Í dag kl. 14.30 heldur Anna Aslaug Ragnarsdóttir píanótónleika á vegum Tónlistarfélagsins í Austurbæjarblóti. Á efnisskránni er Sónata nr. VI eftir Peetro Paradies, Sónata op. 42 eftir F. Schubert og 12 Prelúdir eftir Claude Debussy.


Anna Aslaug stundaði píanónám á Ísafirði hjá föður sínum, Ragnari H. Ragnar og síðar hjá Arna Kristjánssyni í Reykjavík. Að loknu einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík stundaði hún píanónám við skóla í London, Róm og Þýskalandi. Hún lauk einleikaraprófi frá Tónlistarháskólanum í München 1976 og hefur starfað þar síðan við kennslu og píanóleik.



Anna Aslaug Ragnarsdóttir.

Sögufélag á Suðurnesjum

Ahugamenn um sögu Suðurnesja halda stofnfund sögufélags á morgun 1. nóvember kl. 14 í Fjölbautaskóla Suðurnesja í Keflavík. Söguáhugamenn eru hvattir til að mæta,



Yfirlitssýningu á verkum Asgerðar Búadóttur í Listasafni alþýðu, lýkur um þessa helgi. (Ljós.: eik).

BATÍK Á HÚSAVÍK

Núna um helgina sýnir Katrín H. Agústs dóttir textilhönnuður 58 baktikmyndir á Safnahúsinu á Húsavík. Sýningin er opin í dag og á morgun kl. 14–22 og á morgun sunnudag kl. 15 verður


á vegum Kvenfélags Húsavíkur sýning á módelkjólum eftir Katrínu og Stefán Halldórsson. Einnig verður kynnt hárgreiðsla og snyrting.

Katrín sýndi síðast á Kjarvalsstöðum í maímánuði en hún hefur haldið þrjár einkasýningar á batík myndlist auk kjólasýninga.

Djass í „Stúdó“

Sunnudaginn 1. nóvember verða haldnir jazztónleikar í Stúdentakjallaranum. Mun Jazzkvartettinn leika þar, en hann skipa þessir kappar: Guðmundur Steingrímsson leikur á trommur, Reynir Sigurðsson á vibrafón, Friðrik Karlsson á gítar og Ríkhartur Korn á bassa.

Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og verða fram eftir kveldi. Búast má við að þarna birtist óvæntir gestir, sem gætu átt það til að gripa í hljóðfærin.



ÍSULL Aðalstræti

Ísull opnar aftur eftir
gagngerar breytingar að Aðalstræti 8

NÝTT Á ÍSLANDI
Kvenfatnaður í yfirstærðum

Fyrsta séerverslun á Íslandi með yfirstærðir í kvenfatnaði

Vertu velkomin að kíkja inn og skoða, jafnvel máta glæsilega kjóla,
t.d. frá Lillien, Born & Swan o.f.

Nú er rétti tíminn að velja ullarfatnaðinn til jólagjafa fyrir vini og
kunningja erlendis. Við sjáum um sendingu og frágang pakkans

ÍSULL Aðalstræti 8